

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. febrúar 2012
2012020007/42-1-1
TB
jgo/tb

Efni: Frumvarp til laga um innflutning dýra (gæludýr), 134. mál

Vísað er til bréfs / tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 3. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um innflutning dýra (gæludýr), 134. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að skoða verði framlagt frumvarp í víðu samhengi. Tilgangur frumvarpsins er að auðvelda fólki að ferðast með gæludýr sín inn og út úr landinu og er það markmið vel skiljanlegt. Hugtakið gæludýr er hins vegar skilgreint ansi vítt í lögum nr. 54/1990, sem gerir málið flókið, en þar segir: *Gæludýr: Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar.*

Fjórðu grein laga um innflutning á dýrum er ætlað að stemma stigu við að hvaða tegund sem er geti verið flutt inn sem gæludýr en þar segir: *Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðæfni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrirmælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar eru samkvæmt þeim. Í 5. gr. laga nr. 54/1990 segir: Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið. Einnig ætti að skoða innflutning dýra m.t.t. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, s.s. 41. gr. þeirra laga, þar sem segir m.a. *Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.* Sjá jafnframt hér að neðan. Til útskýringar má t.d. benda á að mörg þeirra dýra sem flokkast sem gæludýr s.s. kanínur hafa verið til vandræða t.d. í lundabyggðum og annarsstaðar, vatnafiskar geta verið af ólíkum tegundum sem vel geta lifað við íslenskar aðstæður og haft áhrif á lífríki vatna, sjúkdómar í fiskum eru fjölmargir og ófyrirséðir og trúlega lítið um bólusetningar nema í fiskeldi, sama gildir um t.d. nagdýr og búrfugla. Búrfugl er auk þess afar einkennileg skilgreining á fuglategund. Það eru mörg dæmi þess að gæludýri endi í náttúru landsins og geti í einhverjum tilvikum valdið skaða á lífríki. Það verður því að vera öruggt að mati Náttúrufræðistofnunar að gæludýravegabréf komi ekki í veg fyrir að meta þurfi áhættu vegna innflutnings gæludýrategunda samkvæmt framangreindri 5. grein. Það er því engan*



veginn víst að gælidýravegabréf muni auðvelda ferðir með gæludýr milli landa nema vegna örfárra tegunda.

Náttúrufræðistofnun telur að jafnvel væri einfaldara að hafa lista yfir dýr sem gæludýravegabréf gæti gilt um og þar taldar upp þær tegundir þar sem sjúkdómar og bólusetningar gegn þeim sé það vel þekkt og virkt að réttlætanlegt sé að gefa út gælidýravegabréf.

Náttúrufræðistofnun telur að skilgreining á gæludýri sé allt of víð og ómarkviss. Stofnunin telur að verði frumvarpið að lögum eigi að vera bein tilvísun í 4. og 5. gr. laganna og þær takmarkanir sem gilda um innflutning á dýrum svo enginn vafi leiki á því að gæludýravegabréf gangi ekki framur öðrum ákvæðum í lögnum, né í náttúruverndarlögum, sem eiga að vernda íslenska náttúru.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

